

SAMÞYKKT

um fráveitu í Garðabæ.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Garðabæ en jafnframt gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Um fráveitur.

2. gr.

Garðabær starfrækir fráveitu í sveitarfélaginu. Fráveita Garðabæjar er rekin sem B-hluta fyrirtæki, með sjálfstæðan fjárhag, í eigu sveitarfélagsins. Rekstur hennar og framkvæmdir eru kostaðar af eigin tekjum af fráveitu- og rotþróagjöldum eða lántökum eftir því sem bæjarstjórn ákveður á fjárhagsáætlun.

Tækni- og umhverfissvið Garðabæjar fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Fráveita Garðabæjar veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Fráveita Garðabæjar á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar, þrýstilagnir, hreinsistöðvar og settjarnir ásamt hverfisrotþróm og viðeigandi siturlögnum og sandsíum.

4. gr.

Þar sem fráveita Garðabæjar nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Tækni- og umhverfissvið sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni með sjálfvirkum dælubúnaði sem dælir fráveituvatninu frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá frárásum húseigna um rotþrær og siturleiðslur eða í safntank. Rotþró, safntankur og lagnir eru eign húseiganda sem kostar niðursetningu og annan frágang svo og viðhald þeirra en bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar.

Umsókn um rotþró eða safntank skal senda byggingarfulltrúa Garðabæjar. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu. Með umsókn skal fylgja umsögn heilbrigðisfulltrúa sem kveður á um að fylgt sé reglum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

Hreinsun fer fram á vegum Garðabæjar og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar.

8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseignar við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró skal sækja um það til Fráveitu Garðabæjar á þar til gerðum eyðublöðum.

Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma. Á afstöðumynd skal sýna staðsetningu mengunarvarnabúnaðar vegna iðnaðarskólps sbr. 12. gr.

10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum.

Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki og stuðla að réttri virkni rotþróa og mengunarvarnabúnaðar þar sem það á við.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins.

Iðnaðarskólp sem veitt er í fráveitu sveitarfélagsins skal forhreinsað og getur sveitarfélagið sett fram viðmiðunarmörk vegna þess til að tryggja að tilskilin markmið náist sbr. lið C í viðauka I í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settum samkvæmt þeim.

13. gr.

Þar sem hættu er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráæsislagnir frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir einstreymislokum á fráveitulögn eða sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

Um fráveitu- og rotþróargjald.

14. gr.

Garðabæ skal heimilt að innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

15. gr.

Af þeim fasteignum í Garðabæ sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við rekstur fráveitu sveitarfélagsins.

16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

17. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af skráðum eiganda húsa eða annarra mannvirkja á leigulóðum og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjaldið innheimtist á sama hátt og önnur fasteignagjöld til sveitarfélagsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda. Miðað skal við að rotþró við íbúðarhús verði hreinsuð að jafnaði annað hvert ár.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarfélagsins.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús eða safntank er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

19. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

20. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vatnalögum nr. 15/1923. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

21. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. mars 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.